



VÍÐISTAÐASKÓLI

ÁBYRGÐ – VIRÐING - VINÁTTA

KENNSLUÁÆTLUN SKÓLAÁRIÐ 2022 -2023

Námsgrein: Lífsleikni

Árgangur: 5. bekkur

Tímar á viku: 1 tími

Kennari/ar: Sandra Dögg Friðriksdóttir og Svanhildur G. Þorgeirsdóttir

Markmið- hvað ætlum við að læra?

Ofbeldisvarnir

- Fylgt ferli orsaka og afleiðinga af gerðum manna og bent á leiðir til úrbóta
- Lýst með dæmum gildi jákvæðra lífsviðhorfa, dygða og gildismats fyrir eigin sjálfsvitund
- Áttað sig á ólíkum kynhlutverkum á nokkrum sviðum
- Vegið og metið áhrif fyrirmynda og staðalmynda, hvernig vinna megi með þau á sjálfstæðan og uppbyggjandi hátt
- Metið jákvæð og neikvæð áhrif ýmissa áreita í umhverfinu á líf hans og tekið gagnrýna afstöðu til þeirra
- Gert sér grein fyrir jafngildi sínu og annarra manna og rætt þýðingu þess
- Rætt um eigin athafnir og afleiðingar þeirra
- Rætt reglur í samskiptum fólks og tekið þátt í að setja sameiginlegar leikreglur með öðrum

Lýðheilsa

- Sýnt fram á skilning á kostnaði eigin neyslu og sé læs á þau áhrif sem ýmis tilboð og auglýsingar hafa á eigin neyslu og á samfélagið
- Tileinkað sér heilbrigða og holla lífshætti

Sjálfrækt

- Gert sér grein fyrir margbreytileika fjölskyldna og margvíslegum hlutverkum innan þeirra
- Lýst sjálfum sér og tekið dæmi um þætti sem hafa áhrif á sjálfsmynd hans, svo sem úr nærsamfélagi, umhverfi og menningu
- Gert sér grein fyrir eigin styrkleikum og veikleikum
- Lýst margvíslegum tilfinningum og áttað sig á áhrifum þeirra á hugsun og hegðun
- Sett sér markmið og gert áætlanir við fjölbreytt viðfangsefni

Öryggisvarnir

- Séð gildi slysavarna og viðbragða við slysum í heimahúsum, nærsamfélagi og náttúrunni
- Sýnt samferðafólki sínu tillitssemi og umhyggju

Hópefli

- Skilningur á mikilvægum gildum, svo sem kærleika og umhyggju fyrir öðrum
- Sett sig í spor fólk með ólíkan bakgrunn
- Tekið þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu
- Sýnt sanngirni, sjálfstraust og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra

Námsefni- hvaða bækur og gögn notum við?

Efni frá kennara, af neti og/eða samantekt úr ýmsum bókum. SMT reglur skóla. Verkfærakassinn - KVAN

Kennsluaðferðir – hvernig vinnum við í kennslustundum?

Bekkjarfundir og fræðsluefni. Umræður.

Námsmat – hvað og hvernig er nám og vinna metin?

Mat er reglulegt og fer inn á Mentor.

Kennari áskilur sér rétt til breytinga